

Hornafjörður
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0011
LA/SA

Efni: Skriða ferðapjónusta í Hornafirði. Matsskyldufyrirspurn.

Við er í bréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu á ferðmannaaðstöðu í landi Skriðu í Hornafirði.

Steinar Resort ehf. landeigandi Skriðu í Hornafirði fyrirhugar uppbyggingu á aðstöðu fyrirferðamenn með gistirýmum, veitingapjónustu og baðtengdri afþreyingu. Stefnt er að byggja upp í áföngum 200 herbergja hótél í háum gæðaflokki ásamt fjölbreyttri afþreyingu s.s. baðlónum, 200 herbergja vegahótél og allt að 90 stakstæð smáhýsi. Einnig verður gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna á svæðinu með allt að 10 starfsmannaíbúðum innan lóðar, en gert er ráð fyrir að megin uppbygging fyrir starfsfólk svæðisins verði á Höfn. Heildarfjöldi gistirúma er áætlaður um 860 gestir á hótélum og allt að 400 í smáhýsum. Ætla má að um 150 starfsmenn þurfi til að sinna rekstrinum. Fram kemur að svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en stofnað verður nýtt allt að 40 ha verslunar- og þjónustusvæði. Borað verður eftir vatni innan jarðarinnar og grann- og fjarsvæði vatnsverndar verður skilgreint á síðari stigum. Heildar byggingarmagn skipulagssvæðis verður allt að 35.000 m². Markmið framkvæmda er að byggja upp ferðapjónustu og auka atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með matsskyldufyrirspurn.

Skipulagssvæðið er ekki innan svæðis á náttúruminjaskrá en vatnið Þveit er innan B-hluta svæðisins Hornafjörður-Kolgríma sem var tillaga Náttúrufræðistofnunar um verndarsvæði árið 2018. Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/austurland/hornafjordur-kolgrima>).

Í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013¹ samþykkti Alþingi að unnið skildi að friðlýsingu ellefu svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Svæðið Undirhlíðar í Nesjum var annað af tveimur dýrasvæðum á þeim lista. Í Undirhlíðum er búsvæði tröllasmiðs (*Carabus problematicus islandicus*) sem er stærsta skordýr og bjöllutegund sem finnst á Íslandi og er hann skilgreindur sem séríslensk undirtegund. Tröllasmiður er mjög staðbundinn og er því viðkvæmur fyrir raski á búsvæðum. Í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna

¹ Alþingi 2010. Þingsályktun- um náttúruverndaráætlun 2009-2013. <https://www.althingi.is/altext/138/s/0654.html>

náttúruverndaráætlunar 2009-2013¹ var lagt til að vernda búsvæði tröllasmiðs á um 20 km² svæði og skarast það svæði við land Skriðu.

Gróður

Skipulagssvæðið er að mestu lítt raskað óbyggt svæði en nokkur skógrækt er innan svæðisins og er nyrðri hluti þess skilgreint sem skógræktarsvæði á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Vistgerðir á svæðinu þarf að kortleggja betur. Votlendi er til staðar innan svæðisins en nær líklega ekki tilskilinni stærð, þ.e. 2 ha eða stærra, til að það njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Hafa ber í huga að vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar er ekki gallalaust eða nógu nákvæmt fyrir skipulagsvinnu framkvæmda. Kanna þarf betur sjaldgæfar plöntutegundir innan skipulagssvæðisins.

Fuglar

Í greinargerð er gerð nokkuð góð skil á áhrifum framkvæmda á fuglalíf og afar jákvætt að forðast verður að fara í „þungar“ framkvæmdir á meðan á varptíma stendur, en skilgreina þarf hvað felst í „þungum“ framkvæmdum. Þar að auki stendur til að vakta fuglalíf fyrir, samhliða og eftir uppbyggingu og verða fuglar taldir að vori ár hvert næstu 10 árin, eða frá því að framkvæmdir hefjast og þar til að jafnvægi hefur náðst. Útfærsla vöktunaráætlunar mætti vera skýrari og telur Náttúrufræðistofnun einnig mikilvægt að meta varpárangur með talningu fugla síðsumars. Taka verður tillit til þess að með uppbyggingu ferðamannastaða verður augin umferð ökutækja og ágangur ferðamanna innan svæðisins eykst sem mun óneitanlega trufla fuglalíf. Full þörf er að vernda fuglalíf svæðisins, sérstaklega við Þveit, með því að takmarka umferð ferðamanna á varptíma, þ.e. frá maí til ágúst. Frá gatnamótum Hringvegar og aðkomuvegar að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, eru eingöngu rétt um 50 m að vatninu. Flytja þarf þessi gatnamót sunnar til að vernda fuglalíf við Þveit fyrir aukinni umferð.

Jarðminjar

Framkvæmdasvæðið einkennist af skriðuseti, vatns- og sjávarrofi. Í Ketillaugarfjalli er súrt djúpberg og efst í fjallinu er setberg eldra en 0,7 milljónir ára. Framan við gilið í Ketillaugarfjalli, Háuhraungil, er forn aurkeila (skriðuvængur) og í henni má greinilega sjá virkan árfarveg og framburð úr giliinu. Virk aurkeila er einnig í Rauðuskriðum. Tvær kolsýrulaugar eru þekktar innan og í nálægð skipulagssvæðisins² og falla þær undir 61. gr. um sérstaka vernd náttúruverndarlaga. Núverandi ástand lauganna er óþekkt. Mjög mikilvægt er að kanna hættu á ofanflóðum innan svæðisins, eins og áætlað er í greinargerð.

Vatnshlot

Fram kemur í greinargerð að magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins sé óþekkt og að hugað verði að áhrifum vatnstöku innan svæðisins. Talið er líklegt að vatnstaka muni valda niðurdrætti í grunnvatnsstöðu, en ekki kemur fram möguleg áhrif þess á Þveit.

Landslag við Skriðu og útsýnið þaðan er ægifagurt. Mikil litadýrð er í Ketillaugarfjalli þar sem ljóst líparit þekur fjallshlíðar í suðri en dökkt basalt í norðri.

¹ María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson, 2008. Verndun svæða, vistgerða og tegunda Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Skýrsla NÍ-08008. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2008/NI-08008.pdf>

² Helgi Torfason, 2003. Jarðhitakort af Íslandi og gagnasafn um jarðhita. Unnið í samvinnu við Orkustofnun. <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2003/NI-03016.pdf>



Út frá ofangreindu er það mat Náttúrufræðistofnunar að fyrirhuguð uppbygging á ferðamannaaðstöðu í landi Skriðu sé umfangsmikil og komi til með að hafa veruleg áhrif á náttúrufar og að því sé full þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Skoða þarf betur vistgerðir og hvort innan svæðisins séu að finna sjaldgæfar plöntutegundir. Gera þarf grein fyrir áhrifum á fuglalíf og aðgerðaráætlunum vegna aukinnar umferðar ökutækja og ferðamanna innan svæðisins. Útfæra þarf aðkomuveg betur til að vernda fuglalíf við Þveit. Kanna þarf hvort bjöllutegundin tröllasmiður finnist innan svæðisins. Gera þarf betur grein fyrir hættu á ofanflóðum úr Ketillaugarfjalli og þá sérstaklega úr Háuhraungili og Rauðaskriðu. Kanna þarf ástand kolsýrulauga. Gera þarf mun betur grein fyrir áhrifum framkvæmda á Þveit og lífríki þess, þ.m.t. áhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu svæðisins. Sýna þarf betur hvernig landslag og ásýnd svæðisins breytist með fyrirhugaðri uppbyggingu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

